

Nýjung í kennslu læknanema



Inga Sif Ólafsdóttir, lektor í læknadeild og lyf- og lungnalæknir, og Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir.

„Svo þarft,“ sögðu túlkarnir tveir þegar þeir gengu út úr kennslustofu í Læknagarði á mánudagseftirmiðdegi í janúar. Samskipti við sjúklinga með aðstoð túlks höfðu þá verið kennd í fjóra daga sem og hvernig nýta mætti þverfaglega samvinnu á teymis- og fjölskyldufundum

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

52 sjötta árs læknanemar og 45 hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári við Landspítala skipuðu 26 hópa sem stunduðu hermikennslu í góðum vinnubrögðum við samskipti með aðstoð túlks og þverfaglega samvinnu á teymis- og fjölskyldufundum við Læknadeild nú í janúar.

Inga Sif Ólafsdóttir, lektor í læknadeild og lyf- og lungnalæknir, segir þessa kennslu vera lokahnykkinn í kennslu í samskiptafræði þar sem áherslan sé á þverfagleg samskipti. „Þetta er í annað sinn sem við höldum þetta námskeið. Við kennum færni sem algjörlega hefur vantað inn í grunnnámið hingað til. Endurgjöf nemenda á námskeiðið hefur verið mjög jákvæð,“ segir hún.

„Þetta er færni sem læknar verða að búa yfir frá fyrsta degi í vinnu,“ segir hún þar sem hún sest með *Læknablaðinu* og Önnu Björgu Jónsdóttur, öldrunarlækni, eftir kennsludaginn. Þær skipulögðu og héldu utan um kúrsinn ásamt Sigrúnu Sunnu Skúladóttur hjúkrunarfræðingi. Túlkabjónusta ASETUR komi svo með þeim að kennslunni.

„Læknar og hjúkrunarfræðingar sinna teymis- og fjölskyldufundum nánast daglega og því þurfum við að æfa þessa færni eins og allt annað. Þetta er þverfagleg

samvinna númer eitt, tvö og þrjú,“ segir hún. Þjálfar þurfi hvernig fundirnir verði markvissir og skili því sem til sé ætlast.

„Þetta eru stuttir fundir og dýrmætt að virða tíma alla sem þá sitja,“ segir Inga Sif. „Við æfum þetta í litlum hópum, báðar starfsstéttir, og 2-3 leiðbeinendur fyrir hvern hóp, svo þessi hermikennsla sé af bestu gæðum.“

Anna Björg segir mikilvægt að hafa kennsluna verklega. „Nemendur fá að æfa sig í öruggu umhverfi. Þau fá að gera mistök og við ræðum þau og lærum af þeim um leið og þau gefa hvert öðru jafningjamat.“ Samskiptin þjálfast með endurtekningunni. „Æfingin skapar meistarann.“

Inga Sif segir fæsta rétta upp hönd þegar hún spyrji um reynslu nemanna af fjölskyldufundum. „Sumir nemendur fara í gegnum 6 ára háskólanám án þess að hafa setið fjölskyldufundi,“ segir hún. Fæst ef nokkurt þeirra hafi komið að því að leiða slíkan fund eða fengið að byrja fundinn. Svo hefja þau störf og á fyrstu starfsdögum er nánast öruggt að þau þurfa að taka þátt í slíkum fundum eða jafnvel leiða fundinn.

„Læknar hafa því verið settir í þá stöðu að leiða þessa fundi án undirbúnings og það er það sem við erum að breyta með þessari kennslu,“ segir hún.



Læknanemar og hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári fóru í gegnum hermikennslu í samskiptum með túlki og á fjölskyldufundum í læknadeild. Myndir/gag

Pursabit er erfitt að þýða

Að mörgu er að huga þegar rætt er við sjúkling í gegnum túlk. Ekki aðeins orðanotkun heldur einnig menningu. Þetta segja þær Inga Sif Ólafsdóttir og Anna Björg Jónsdóttir. Þær segja til að mynda hafa verið nefnt að það þýði ekki að segja við skjólstæðing að hann sé með pursabit.

„Einn túlkurinn þýddi það bókstaflega sem svo að risi hefði bitið í bakið á við-

komandi,“ segir Inga Sif. Sjúklingurinn hafi ekki átt til orð. „Við verðum því að nota orð og hugtök sem túlkurinn skilur og getur þýtt. Við viljum ekki að túlkur giski og það getur reynst varasamt að þýða orðrétt, þó við viljum líka að túlkurinn komi réttum upplýsingum á milli.“

Þær segja að Alþjóðasetur, sem heldur utan um túlkabjónustu á Íslandi, hafi

stutt kennsluna frá upphafi. „Það hefur komið með ómetanlega sýn túlka á samskipti við fólk af erlendum uppruna,“ segir Anna Björg. „Margir nemendur hafa sagt þessa kennslu opna augu sín fyrir þeim fjölbreytileika sem er í íslensku samfélagi og við sem heilbrigðisstarfsmenn verðum að vera vakandi fyrir og virða.“



Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélagsins, Guðni Th. Jóhannesson forseti og Kristín Sigurðardóttir formaður fræðsludaga við setningu Læknadaga. Myndir/gag



Tækni og nýjungar fengu sinn sess á Læknadögum í ár.



Hér sjáum við Steinunni Þórðardóttur meðal áhorfenda á fjölmennu málþingi í Silfurbergi.



Vala Eiríksdóttir leikkona lýsti því listilega hvornig það hefur litað líf hennar að vera dóttir læknis.

Vel sóttir Læknadagar

Um 800 mættu á Læknadaga í ár. „Við erum sérlega ánægð með afar góða mætingu þetta árið. Þetta er með þeim betri,“ segir Margrét Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Læknadaga. Fjölgað hafi um 10% milli ára.



Elsa Valsdóttir skurðlæknir hvatti til fjölbreyttari bakgrunns læknanema hér á landi. Hann væri einsleitur í samfélagi sem breyttist hratt um þessar mundir. Mynd/gag

Læknar hafi fjölbreyttari bakgrunn

„Við þurfum fjölbreyttari hóp inn í læknisfræðina,“ sagði Elsa Valsdóttir skurðlæknir í erindi sínu um undirbúning skurðlæknis á málþinginu Framtíð læknisemntunar á Læknadögum.


„Alls staðar í hinum vestræna heimi, sérstaklega á Íslandi, er læknaþróunin svolítið einsleitur. Ég horfi yfir salinn og sé allt þetta frábæra fólk og hef unnið með flestum. En við erum öll með svipaðan bakgrunn. Við erum eiginlega öll úr þremur til fjórum skólum, erum góðir námsmenn, eigum það sennilega sameiginlegt að koma úr stöðugu fjölskylduumhverfi,“ sagði Elsa.

„Við þurfum að fá fólk utan af landi. Við þurfum að fá fólk úr ólíkum framhaldsskólum, með öðruvísi menningarlegan bakgrunn. Samfélagið er að breytast. Það breytist hratt og við sem stofnun, læknisfræðin og lækna-deild, þurfum að breytast með.“



Katrín Ragna ný í stjórn LÍ

Katrín Ragna Kemp Guðmundsdóttir er ný í stjórn Læknafélagsins. Hún tekur við ritaraembættinu af Ingibjörgu Kristjánsdóttir sem stígur nú úr stjórn. Katrín Ragna er lyf- og hjartalæknir.



Kumar án Clark

Prófessor lafði Parveen Kumar var meðal fyrirlesara á Læknadögum í ár og hélt erindi á málþinginu *Inngangsfyrirlestur um framtíð læknismenntunar*. Hér eru með henni í pallborði frá vinstri: Guðmundur Þorgeirsson, Elsa Valsdóttir, Helga Ágústa Sigurjónsdóttir og Martin Ingi Sigurðsson. Bókin *Kumar and Clark's Clinical Medicine* er margendurútgefin og er kennd og notuð um allan heim. *Mynd/gag*

Bráðnun jökla uppskrift að hörmungum

„Rannsóknir benda til þess að meira en helmingur allra smitsjúkdóma muni aukast verulega í kjölfar loftslagsbreytinga. Þessir sjúkdómar eru af fjölbreyttum toga og þetta gildir jafnt um veirusýkingar, bakteríusýkingar, sveppasýkingar og frumdýrasýkingar,“ sagði Magnús Gottfreðsson á Læknadögum

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Bráðnun jökla er dæmi um ógn sem við erum svo fákunnug um að við vitum ekki einu sinni að við vitum,“ sagði Magnús, prófessor í læknisfræði og sérfræðingur í smitsjúkdómum, í erindi sínu: *Smitsjúkdómar og loftslagsbreytingar*, á Læknadögum. Hann lýsti jöklum sem risastórri frystikistu eða tímahylki sem geymi vatn sem hafi safnast upp um árþúsundir og milljónaskeið. Þar finnist verðmæt sýni frá lífríkinu.

„Núna erum við í óðaönn að opna þessa frystikistu. Hreinsa út úr ís-skápnum,“ sagði hann. Nýlega hafi verið teknir borkjarnar úr jöklum og aðferðir sameindalíffræðinnar nýttar til að greina lífríki úr 13.000 ára gömlum sýnum og jafnvel 130.000 ára gömlum sýnum sem hægt sé að finna í sífreranum í Síberíu.

„Þarna koma stórkostlegar upp-götvanir í ljós,“ sagði hann og benti á risaveiru með gríðarstórt erfðamengi

sem framleiddi fleiri prótín en flestar bakteríur. Hún geti sýkt ýmisskonar heilkennafrumur.

„Við vitum að öðru leyti mjög lítið um hvað hún mun gera ef hún losnar úr læðingi. Þessari veiru var lýst fyrir skömmu og síðan hafa menn bætt um betur og sýnt fram á að jafnvel á svæðum sem við töldum vera algjörlega botnfrosin, hafa myndast jökullón vegna bráðunar jökla þar sem leynist ótrúlega fjölskrúðugt lífríki.“ Spá megi fyrir framtíðinni með því að nota raðgreiningargögn til að para saman það sem finnist þar og í jöklunum við þær frumur sem síðan gætu mögulega orðið fyrir barðinu á þessum veirum.

„Niðurstöður sýna að það eru heilkennafrumur og dýr sem eru líklegustu skotmörkin, sagði hann og vitnaði í vísindamann sem sagði þetta uppskrift að hörmungum.



Myndir/gag

Mælskulist

„Við náum þeim næst,“ sagði Sigrún Jónsdóttir við *Læknablaðið* sem náði henni við kaffivélina eftir viðureign þeirra Gunnars Baldvins Björgvinssonar, fulltrúa sérnámslækna, við Helgu Margréti Skúladóttur og Jordan Cunningham, fulltrúa sérfræðinga. Fyrir umræðuna studdu fleiri fullyrðinguna um að nútímakröfur um gæði í læknisfræði valdi kulnun meðal lækna. Eftir viðureignina snérist tölurnar og sérfræðingarnir höfðu sigur. Dögg Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Læknafélagsins, stýrði kappræðunum og mætingin var prýðileg.

Öll slitin en sum finna til

Jósep Ó. Blöndal læknir segir myndatökur af bakverkjum í langflestum tilvikum oflækningar. Allt það, sem sést á myndum hjá fólki með bakverki, sjáist líka hjá þeim, sem aldrei finna til

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Læknar eiga ekki að eltast við verkinn sjálfan heldur heildarmyndina í lífi sjúklingsins,“ segir Jósep Ó. Blöndal, sérfræðingur í bakverkjum. Hann er fyrrum yfirlæknir sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi og nú trúnaðarlæknir hjá Heilsuvernd. Hann gagnrýnir myndatökur, sneiðmyndir og segulömanir á skjólstaðingum með bakverki.

„Myndatökur hjá flestum fullorðnum einstaklingum sýna aldurstengdar breytingar, en geta ekki sýnt verki. Suma verkjar og aðra ekki,“ segir Jósep, sem hlaut þjálfun í ortópedísk-medisínskri læknisfræði í London á árunum 1986-1991 við stofnun James Cyriax — „föður stoðkerfisfræðinnar,“ eins og hann segir. „Þar var okkur strax sagt að allt það sem sést á myndum af fólki með bakverki sjáist líka hjá fólki sem hefur aldrei fundið til.“ Jósep hélt hádegisfyrirlestur um málið á Læknadögum.

Jósep starfaði lengi sem almennur skurðlæknir en starfaði samhliða sér-



Jósep Ó. Blöndal varði lengstum tíma starfsferilsins í bakverki, samhliða almennum skurðlækningum og starfaði á Patreksfirði í 6 ár, síðan í Stykkishólmi í 27 ár. Hann var áður skurðlæknir í Svíþjóð og nú trúnaðarlæknir hjá Heilsuvernd. Hér er hann á Læknadögum. Mynd/gag

greininni í 25 ár í háls- og bakdeildarteymi á St. Franciskus-spítalanum í Stykkishólmi. Hann segir tilhneigingu innan heilbrigðiskerfisins til að mynda að óþörfu.

„Þetta snýst um vonda læknisfræði — oflækningar. Ekki er hikað við að mynda

þótt engin þörf sé á því. En samt er það gert,“ átelur hann. „Það þarf að hlusta á, spyrja réttar spurninga og skoða fólk almennilega því með því að hlusta vel á sjúklinginn sést heildarmyndin,“ segir hann og kallar eftir nánari samvinnu lækna og sjúkrajálfara.

Jósep sótti ráðstefnu í Vancouver í Kanada í september. „Þar ræddum við hvað það er vitlaust að eltast endalaust við verkinn sjálfan. Ein afleiðing þess er yfir 70.000 dauðir Ameríkanar á ári af völdum óþíumskyldra lyfja.“ Verkjalýf leysi ekki vandann.

„Við þurfum að taka með í reikninginn hver einstaklingurinn er, hver fortíð hans er, hvað gerir hann og hvernig hann er menntaður,“ segir þessi reyndi læknir og horfir til skjólstaðinganna.

„Þeir sem eru með minni menntun eru í meiri hættu á að hafa króníska verki. Þeir sem hafa lág laun fá frekar langvinna verki. Það skiptir máli hvað þau gera, hvernig neyslumynstrið er, hver þeirra fortíð er, hvað þau eiga mörg börn og svo framvegis,“ segir Jósep sem lýsir því hvernig honum hafi í fyrstu ekki fundist einstæð móðir með 7 ára barn vera í vöndri stöðu fyrr en hún sagði honum að hún hefði haldið á barninu öll þessi ár.

„Síðan hef ég spurt hvert einasta: eru börnin frísk? Eins þurfum við að spyrja um lífsstílinn: reykingar, áfengisneyslu, mataræði,“ segir Jósep sem heldur ekki aðeins fast í þessa grunnþekkingu í læknisfræðinni, ef svo má segja, heldur einnig í mataræði. Sjúkdómarnir liggja í lífsstílnum.

„Ég er nú hræddur um það,“ segir hann í símtali við *Læknablaðið* stuttu áður en hann hélt erindið *Talaðu bara hærra! Um endurteknar myndatökur hjá háls- og baksjúklingum* á Læknadögum.

„Amma þín hvað?“

„Ég skildi ekki hvað það þýddi að spyrja fólk hvað það éti, hvað kemur það okkur [læknum] við? En þegar maður kynnist mataræði Bandaríkjamanna þá fattar maður það. Þeir lifa á rusli og allar aðrar þjóðir eru að taka það upp,“ segir Jósep Ó. Blöndal læknir.

Jósep hefur lagst yfir næringarfræði og segir ráðleggingar um mataræði hafa verið rangar í gegnum tíðina og byggst á vafasömum vísindum. Dæmi séu um að fræðingar hafi verið keyptir til segja í lagi að drekka „nógu mikið kók“ ef menn færu svo út að hlaupa. „Fínhreinsuð kolvetni; hveiti, pasta sykur, hvítt brauð, kex, gosdrykkir og kartöflulögur. Þetta er það sem er líklegast óhollast fyrir okkur.“ Hann hvetur fólk til að horfa aftur í tímann.

„Amma þín hvað?“ spurði hann í hádegisfyrirlestrinum þriðjudaginn 17. janúar á Læknadögum. Undirtitillinn: *Harmatölur næringarfræðings - með trúarlegum undirtönnum*. „Þegar maður hefur farið í gegnum þetta og séð vísindin fer maður heim til ömmu, því allt sem hún gaf okkur að borða innihélt það sem við þurftum.“